



Akraneskaupstaður
Bt. Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri
Stíllholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 7. september 2016

Árshlutareikningur Höfða 1.1.-30.6.2016

Meðfylgjandi er óendurskoðaður árshlutareikningur Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis fyrir tímabilið 1.1.-30.6.2016 sem var til umfjöllunar á síðasta stjórnarfundi Höfða þann 5.september sl.

Samkvæmt árshlutauppgjörinu námu rekstrartekjur tímabilsins 369,7 mkr. og rekstrargjöld 438 mkr. án fjármagnsliða og afskrifta, þar af gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar 57,2 mkr. Afskriftir námu 12,5 mkr. og fjármagnsliðir nettó 10 mkr. Tap af rekstri nam 90,8 mkr. Veltufé til rekstrar nam 17 mkr., handbært fé frá rekstri nam 22,2 mkr. og fjármögnunarhreyfingar námu 23,5 mkr. Lækkun á handbæru fé nam 1,2 mkr. og var handbært fé 136 mkr. í lok tímabilsins.

Helstu frávik frá fjárhagsáætlun eru:

Rekstrartekjur (9.196.070) : Daggjöld heimilisins voru áætluð útfrá sundurliðunartöflum í fjárlagafrumvarpi ársins 2016. Þegar reglugerð um daggjöld var birt í febrúar 2016 kom ljós að hjúkrunardaggjöld Höfða hækkuðu einungis um 2,2% milli ára sem er töluvert undir meðaltalshækkun fjárframlaga til hjúkrunarheimila skv. fjárlögum 2016. Einnig er fæðissala undir áætlun þar sem sala á matarbökkum hefur dregist töluvert saman.

Launagjöld og lífeyrisskuldbindingar (46.069.714): Laun og launatengd gjöld eru 34,9 mkr. umfram áætlun. Ekki hafði verið áætlað fyrir afturvirkum launahækkunum þeirra starfsstétta sem ekki voru búnar að semja fyrir áramót. Einnig voru launahækkunar meiri en forsendur fjárhagsáætlunar gerðu ráð fyrir. Lífeyrisskuldbindingar hækkuðu 11,2 mkr. umfram áætlun sem má rekja til hærri launabreytinga en búið var að áætla fyrir.

Annar rekstrarkostnaður 6.439.097: Almennur rekstrarkostnaður er undir áætlun sem til kemur af áframhaldandi aðhaldi í rekstri heimilisins.

Árshlutareikningurinn afhendist til umfjöllunar hjá eignaraðilum heimilisins.

Virðingarfyllt,

Kjartan Kjartansson
framkvæmdastjóri